

Enska 9. -10. bekkur

Áhersla er lögð á fjölbreytt verkefni með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð og fjölbreytni í kennsluaðferðum án þess að binda sig í klafa tiltekinna lærdómskenninga. Nemendur eru hvattir til nýta hverja kennslustund vel og koma sem best undirbúnir.

Hæfniviðmið	Leiðir (kennari)	Leiðir (nemendur)	Námsmat
<p>Við lok 10. bekkjar getur nemandi</p> <p>Hlustun</p> <ul style="list-style-type: none"> fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gamans og ánægju, sagt frá og unnið úr hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim 	<ul style="list-style-type: none"> hvetur til virkrar hlustunar og þátttöku í samræðum tryggir gott aðgengi að fjölbreyttum miðlum og hvertur nemendur til að nýta sér þá við verkefnavinnu leyfir nemendum að hlusta á ólíkar málískur og ólíkan hreim frá mismunandi enskumælandi löndum leggur áherslu á það við nemendur að þeir sýni öllum fulla virðingu sem eru að tjá sig s.s. við kynningar eða í samræðum 	<ul style="list-style-type: none"> sýna tillitssemi þegar þeir hlusta á aðra eða flytja fyrir aðra nemendur sýna virka þátttöku í samræðum nýta fjölbreytt efni við verkefnavinnu 	<ul style="list-style-type: none"> margvíslegt leiðsagnarmat s.s. stílar, lesskilningsverkefni, þátttaka í spjalli og hlustun, kynningar og þátttaka í tímum sjálfsmat kannanir lesskilningsverkefni
<p>Lesskilningur</p> <ul style="list-style-type: none"> lesið sér til gagns og ánægju almennan texta af ýmsum toga með nokkuð fjölpættum orðaforða og valið lestraraðferðir eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu 	<ul style="list-style-type: none"> tryggir nemendum fjölbreytt lesefni og á við þá samræður um ólíkan texta Kennir markvissar aðferðir til að efla lesfimi og lesskilning, t.d. gagnvirkan lestur, paralestur og leitarlestur 	<ul style="list-style-type: none"> lesa alls konar texta og læra aðferðir til að skilja betur inniheld efnisins læra og nota margs konar aðferðir við lestur sem tekur mið af tilgangi lestrar hverju sinni 	

<ul style="list-style-type: none"> • lesið sér til fróðleiks rauntexata t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni sem varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið á annan hátt • lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi 	<ul style="list-style-type: none"> • kennir nemendum að leita sér fjölbreyttra heimilda við verkefnavinnu • aðstoðar nemendur við að finna sér lesefni við hæfi og ræðir við þá um mikilvægi þess að ná að lesa af áhuga • er nemendum góð fyrirmynd í lestri m.a. með því að kynna fyrir þeim fjölbreyttar og áhugaverðar bækur 	<ul style="list-style-type: none"> • geta átt samtal við aðra um það sem lesið er, greint aðalatriði og haft skoðanir á því sem hefur verið lesið • sýna ólíku lesefni áhuga 	
<p>Samskipti</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorðum • tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í • tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum • tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælenda 	<ul style="list-style-type: none"> • leggur áherslu á að öll samskipti í kennslustofunni fari sem allra mest fram á ensku • fer yfir hvaða þættir skipta máli í góðri framsögn og þjálfar nemendur reglulega • skipuleggur kynningar á fjölbreyttum verkefnum með áherslu á skýran flutning • hvetjur til virðingar og jákvæðni í öllum samskiptum 	<ul style="list-style-type: none"> • æfa sig í að tjá skoðanir sínar bæði í töluðu og rituðu máli • sýni öðrum tillitssemi og virðingu við flutning á efni s.s. á kynningum 	<ul style="list-style-type: none"> •
<p>Frásögn</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað 	<ul style="list-style-type: none"> • Fer yfir hvaða þættir skipta máli í góðri 	<ul style="list-style-type: none"> • æfa framsögn • kynna verkefni 	<ul style="list-style-type: none"> •

<p>varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum • flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi • samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra 	<p>framsögn og þjálfar þá reglulega með nemendum</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnir nemendum ýmis dæmi um fyrirmyndar frásagnarmáta s.s. leikara, fyrirlesara, lesendur og aðra • leyfir nemendum að hlusta á ólíkar mállískur og ólíkan hreim frá mismunandi enskumælandi löndum sem nemendur geta spreytt sig á að þekkja 	<ul style="list-style-type: none"> • geta tekið þátt í skipulögðum verkefnum 	
<p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tæk á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi • skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inngang og tilgang með skrifunum • skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesip og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við • tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu • leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín 	<ul style="list-style-type: none"> • leggur áherslu á vandaða skrift við handskrifuð verkefni • kynnir fyrir nemendum hjálpartæki við ritun, s.s. orðabækur, leiðréttingaforrit og heimildaforrit • kennir ritun á fjölbreyttu textaformi • hvetur nemendur til að tjá sig á rituðu máli í gegnum mismunandi verkefni og að semja eigin texta • leggur áherslu á vandaðan texta og að nemendur noti orðabækur og glósi hjá sér algeng orð • leyfir verkefnaskil einnig á rafrænu formi 	<ul style="list-style-type: none"> • æfa sig í margvíslegum ritunarverkefnum um mismunandi efni, bæði sjálfvalið sem og kennarastýrt • taka tilsögn um notkun orðabóka og annarra hjálpartækja við að rita á skýru og réttu máli • þjálfar sig í að beita blæbrigðaríku máli og leitast við að auka við orðaforða sinn 	<ul style="list-style-type: none"> •

<p>Menningarlæsi</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum • sýnt fram á að hann þekkir nokkuð vel til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni • sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma • hefur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska... 	<ul style="list-style-type: none"> • kynnir fyrir nemendum ólíka menningarheima þar sem enska er töluð og menning þessara landa borin saman • tengir saman ólík enskumælandi lönd og gefur nemendum mismunandi verkefni til að fjalla um m.a. í tengslum við áhugasvið nemenda • tengir saman tungu, sögu og menningu enskumælandi lands, helstu einkenni, tónlist, íþróttir og annars konar menningu • sýnir fram á tengsl ensku innbyrðis og við skyld mál 	<ul style="list-style-type: none"> • þjálfar sig í að setja sig inn í ólíka menningarheima og undir hvaða áhrifum fólk skrifar og hvað hefur áhrif á skrif ólíkra einstaklinga • reyna að átta sig sem best á útbreiðslu tungumálsins, hvaða hvatar liggja að baki, hvaða áhrif enskan hefur á menningu viðkomandi landa og öfugt • tileinkar sér upplýsingar s.s. í gegnum verkefni hvernig orðaforðinn eykst og þróast. 	<ul style="list-style-type: none"> •
<p>Námshæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> • sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu • beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða • beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf • nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi 	<ul style="list-style-type: none"> • aðstoðar nemendur við að skipuleggja nám sitt og hvetur þá til góðra verka • beitir einstaklingsbundnum kennsluáðferðum og sér til þess að allir fái kennslugögn í víðum skilningi við hæfi • innleiðir sjálfsmats- og jafningjamatsaðferðir og gengur úr skugga um að allir skilji markmiðin í náminu 	<ul style="list-style-type: none"> • tileinkar sér jákvætt viðhorf til námsins • æfa sig í að beita mismunandi námsaðferðum og reyna að skilja hvaða aðferðir henta best hverjum og einum nemanda • þjálfar beitingu sjálfsmats og jafningjamats og reyna að nýta sér reynslu sína 	<ul style="list-style-type: none"> •

<ul style="list-style-type: none"> • unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja • nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. 	<ul style="list-style-type: none"> • ýtir undir námsvitund og sjálfstraust nemenda til að takast á við krefjandi verkefni og áskoranir í náminu með uppbyggilegum hætti 	<p>til að byggja á frekari þekkingu</p> <ul style="list-style-type: none"> • æfir bæði sjálfstæð vinnubrögð sem og að vinna með öðrum • lærir að skilja hvaða takmörkum ólíkar námsaðferðir eru háðar 	
			•